

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um framgang akademískra starfsmanna strax í kjölfar nýráðningar</p>	<p>Bls. 1 af 1</p> <p>Ábm. HJ/BZ/JAB/PK</p> <p>Samb. í háskólaráði 17. mars 2011 Endursk. 5. sept. 2013 Málsnr: HÍ11030116</p>
--	--	---

1. gr.

Rektor er heimilt að veita akademískum starfsmanni framgang strax í kjölfar nýráðningar, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010.

2. gr.

Forseti fræðasviðs getur þegar sérstaklega stendur á óskað eftir að akademískur starfsmaður fái framgang í annað starfsheiti en auglýst var strax í kjölfar nýráðningar, t.d. þegar umsækjandi sem ráðinn er hefur áður gegnt herra starfsheiti við háskóla. Rökstyðja skal slíka beiðni sérstaklega.

Heimilt er að flytja lektor beint í starf prófessors og sérfræðing beint í starf vísindamanns, enda uppfylli viðkomandi tilgreind lágmarksskilyrði sbr. 3. gr.

3. gr.

Umsækjandi skal með óyggjandi hætti uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í 6. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010.

4. gr.

Til staðfestingar á hæfi umsækjanda skal liggja fyrir innan við tveggja ára gamalt dómnefndarálit. Ef slíkt álit liggur ekki fyrir skal föst dómnefnd viðkomandi fræðasviðs meta hæfi umsækjanda samkvæmt III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

5. gr.

Framgangsnefnd Háskóla Íslands skal fjalla um málið og gera tillögu til rektors um hvort veita beri framgang í annað starfsheiti.

6. gr.

Rektor veitir framgang að fenginni tillögu framgangsnefndar Háskóla Íslands, sbr. 5. gr.

7. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli ákvæðis í 4. mgr. 2. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010.

Skýring

Tilgangur verklagsreglna þessara er að gera nýráðnum akademískum starfsmönnum kleift að hljóta framgang í annað starfsheiti en auglýst var strax í kjölfar nýráðningar, enda uppfylli þeir sett skilyrði.

Með nýju framgangskerfi, sem tók gildi 1. apríl 2010, var tekinn upp einn samræmdur umsóknarfrestur, sem er 1. nóvember ár hvert, og er framgangur í annað starfsheiti veittur frá og með 1. júlí árið eftir. Í eldra framgangskerfi var unnt að sækja hvenær sem var um framgang, t.d. strax að lokinni nýráðningu.

Þegar akademískt starf er auglýst er algengast að leitað sé eftir umsækjendum í störf lektors eða sérfræðings. Iðulega eru umsækjendur með hæfi í herra starfsheiti ráðnir, t.d. reynslumikið fólk sem gegnt hefur akademísku starfi við háskóla. Í slíkum tilvikum getur fræðasvið óskað eftir að viðkomandi hljóti framgang strax í kjölfar nýráðningar.